

Nr. Dags. Bréfitari Efni – ágríp (Stikkorð) Svar – niðurstaða)

Ábendingar og úrvinnsla. Samþykkt í skipulagsráði 05.07.2017.

	Nafn	Ábending	Tillaga að viðbrögðum
1	Elvar Smári Sævarsson Heiðarlundi 8A	Skammsýni að byggja íbúðir á æfingavelli KA (San Síró). Ef til stækkunar Lundaskóla kemur væri svæðið hentugt fyrir það. Djúpt er niður á fast, og framkvæmdir mundi valda jarðvegssigi á nærliggjandi svæðum. Með flutningi keppnisaðstöðu KA skortir bílastæði, sem gætu verið á æfingasvæðinu.	Æfingavöllurinn verður áfram þéttingarsvæði, uppbygging verður í fullu samráði við KA.
2	Haukur Smári Gíslason	Fallegt og skemmtilegt væri að gera almenningsgarð á Akureyrarvelli þegar KA flytur starfsemi sína fremur en að byggja þar íbúðir.	Þetta verður skoðað nánar í uppfærslu deiliskipulags miðbæjar, en Akureyrarvöllur verður felldur undir miðbæjarsvæði. Viðbót komin í texta aðalskipulagsins kafla 3.3 MIÐBÆRINN bls. 83.
3	Ævar Arnfjörð Bjarnason	Gerir athugasemd við bílastæðakröfur þess efnis og að ef bílastæði komist ekki fyrir innan lóðar skuli greiða fyrir ánn fjölda í bílastæðasjóð. Bendir á að sú krafa eigi einnig við um þá sem ekki eiga bíl og vilja nota sér aðra samgöngumáta og sé þar með í mótsögn við þau markmið skipulagsins. Gerir einnig athugasemd við að einungis sé leyfð blöndun landnotkunar í miðbænum.	Kallar ekki á breytingu aðalskipulagstillögunnar.
4	Íþróttafélagið Þór	Í ljós hefur komið að bæjaryfirvöld hafa nú skilgreint húseignina „Steinnes? utan íþróttasvæðis Þórs. Hingað til hefur húsið verið skilgreint innan íþróttasvæðis Þórs. Framkvæmdastjóra er falið að senda yfirvöldum skipulagsmála fyrirspurn hvað valdi þessar breytingu.	Sá hluti OP12 sem er innan lóðamarka Þórs verður sameinaður Íþ5, svæði Þórs. Ingvar breytir á uppdrætti, og uppfærir stærðir sem breytast í greinargerð.
5	Gísli Bragi Hjartarson	Eigendur Liljulundar (Hlíðarendi Liljulundur) gera athugasemd við tillögu að nýju aðalskipulagi fyrir Akureyrarbæ þar sem gert er ráð fyrir að loftlínur Landsveitna liggja yfir Liljulund. Samkvæmt núverandi deiliskipulagi eiga þær að hverfa í jörð. Við eigendur Liljulundar viljum að tekið sé tillit til þessa við gerð nýs aðalskipulags.	Stefna Akureyrarbæjar er að raflínur verði almennt lagðar í jörð. Beðið verður með að sýna línur innan bæjarmarkanna þannig, þar sem endanleg ákvörðun Landsnets um Hólasandslínu, tengivirki o.fl. liggur ekki fyrir. Laxarlína verður þó sýnd, sem lína hverfur á skipulagstímabilinu.
6	Benedikt Sigurðarson	Athugasemd við reiknaðan fjölda íbúa á íbúð.	Hefur verið lagfært í kafla 3.2.3 Þörf fyrir nýtt íbúðarhúsnæði bls. 81.
7	Hinrik Svansson	Ekki er beint mikið verið að hugsa um að fjölga atvinnulóðum fyrir minni fyrirtæki.	Unnin hefur verið greinargerð um atvinnulífið og lóðarþörf. Fram kemur að lítil eftirspurn sé eftir slíkum lóðum, og nokkuð er laust af slíkum lóðum í A-hluta Krossaneshaga.
8	Dýralæknaþjónusta Eyjafj	Óskað er eftir að skilgreind verði lóð fyrir starfsemi dýralæknaþjónustunnar á horni Miðhúsabrautar og Súluvegur.	Lóðinni hefur verið bætt við reit S36 á aðalskipulagsuppdrættinum. Stærð reitsins hefur verið breytt í kafla 2.1.4 Samfélagsþjónusta bls. 33.
9	Finnur Sigurðsson	Vill sjá bæjar yfirvöld eyrnamerkja Listagilið sérstaklega sem menningar og listatengt hverfi. Mikið hefur verið haft fyrir því að byggja þetta hverfi upp svo stolt hljótist af. Verðum því að styrkja það í sessi, Listasafninu til stuðnings.	Meira á sviði deiliskipulags, en komin umfjöllun um það í texta miðbæjar kafla 3.3 MIÐBÆRINN bls. 33.

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	(Stikkorð)	Svar – niðurstaða)
10		Sævar Sævarsson og Hulda Hreiðarsdóttir Heiðarlundi 8i	Eru ánægð með að Kotárborgirnar séu nýttar sem byggingarland. Svæði sem hefur verið afar illa nýtt í hjarta bæjarins. Það eru ekki einu sinni göngustígar þar um og sést ekkert líf þar nema fuglinn fljúgandi. Með því að byggja þar yrði hægt að setja snyrtilegar gönguleiðir þar um sem tengjast inn á Háskólasvæðið og allar líkur á að bæjarbúar myndu nýta svæðið meira til útivistar. Bygging norðan Bogans og á landi norðan Krossanesbrautar að Bótinni eru dæmi um svæði sem að okkar mati mætti nýta betur til íbúabygðar án þess að það komi niður á íbúum í nágrenninu. Einnig finnst þeim grátlegt að horfa á svæðið í kringum Akureyrarvöll í hjarta bæjarins svona illa nýtt. Eins hefðu þau vilja sjá metnaðarfulla uppbyggingu á Oddeyrinni. - Þau mæla gegn því að byggja íbúðir á æfingavelli KA (San Síró). Ef til stækkunar Lundaskóla kemur væri svæðið hentugt fyrir það.		Kotárborgirnar verða útfærðar nánar, tekið undir ábendingar með göngustíga. KA sjá ábendingu 1. Annað kallar ekki á breytingu á aðalskipulagstillögunni.
11		Gísli Einar Árnason	Mælir gegn því að Kotárborgir séu teknar undir byggð, þar sem þær séu eina svæðið inni í miðri byggð á Akureyri sem hefur enn að geyma ósnortna náttúru á stóru svæði. Vísar í friðlýsingu svæðis meðfram Glerá og ákvæða þar um í Staðardagskrá 21. Hafa gildi fyrir íbúa hverfisins til útivistar. Telur að umferð muni aukast í Gerðahverfi og eftirspurn eftir húsnæði þar minnka.		Sjá umfjöllun í nr. 16.
12		Píratar	<ol style="list-style-type: none"> 1. Telja mikið vanta uppá að samfélagslegar áherslur séu nægar að mati okkar. Hvergi eru fráteknar lóðir fyrir NFP (Not For Profit) samvinnufélagaverkefni eða fyrir slík verkefni á vegum bæjarins. Píratar á Akureyri styðja heilshugar hugmynd sviðsstjóra Skipulagssviðs um að Akureyrarbær gæti haft forgöngu um að reisa hentugar íbúðir fyrir eldra fólk sem vildi færa sig úr stærra húsnæði. Hugmynd eins og þessi gæti hjálpað eðlilegu flæði að myndast, þar sem mismunandi aldurshópar þurfa á misstóru húsnæði að halda. Slíkt gæti einnig minnkað rekstrarkostnað einstaklinga og fjölskylda og aukið lífsgæði. 2. Gera athugasemd við að leggja eigi Akureyrarvöll niður og byggja á honum. Það þýði að útisamkomusvæði sé horfið án þess að nokkuð komi staðinn. Bæjarbúar þurfi að koma að slíkum ákvörðunum og valkostir verða að vera fyrir hendi. Stórauka þurfi íbúalýðræði til þess að almenningur hafi bein áhrif á umhverfi sitt. 3. Benda á að tryggja þurfi framtíðarhugsun til að koma í veg fyrir slys og nefna sem dæmi hornið á Glerárgötu og Tryggvabraut. 4. Á þeirri mikilvægu lóð mun rísa gulur og lágreistur bárujárnskumbaldi undir stórmarkað og einnig heyrast raddir um að bensínstöð verði á reitnum og yrðu þá 5 bensínstöðvar nánast „öxl í öxl“ kringum Glerárbrú. Benda á áhugaverðar tillögur Hverfisnefndar Oddeyrar um notkun á reitnum. 		<ol style="list-style-type: none"> 1. Komið inn í kafla 1.2.1. Markmið - byggð bls. 11 í greinargerð. 2. Sjá ábendingu 2. 3. Unnið er að umbótum á gatnamótum Glerárgötu/Tryggvabrautar/Hörgárbrautar/Borgarbrautar, en það er ekki alskipulagsmál. 4. Hvannavallareitur er skilgreindur sem verslunar- og þjónustusvæði með heimild fyrir íbúðir. Nánari útfærsla er ekki ákvörðuð í aðalskipulagi. Engin bensínstöð er fyrirhuguð á Hvannavallareit.
13		Hestamannafélagið Léttir	<ol style="list-style-type: none"> 1. Þjónustuvegur Landsnets notaður sem reiðleið. 2. Setja bráðabirgðaleið við golfvöll í aðalskipulag. 3. Núverandi göngustígur sem liggur frá suðvesturenda golfvallarsvæðisins inn í Naustaborgir 		<ol style="list-style-type: none"> 1. Í skoðun er hvaða leið Landsnet velur. 2. Bráðabirgðaleið á ekki heima á uppdrætti þar sem hún er tímabundin.

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	(Stikkorð)	Svar – niðurstaða)
			<p>verði skilgreindur sem göngu og reiðstígur.</p> <p>4. Hugabraggaleið verði reiðleið.</p> <p>5. Reiðleið frá suðurmörkum Breiðholtshverfis, um Miðhúsaklappir, norður að reiðbrú yfir Glerá verði sett á aðalskipulag.</p> <p>6. Ný reiðleið yfir Glerá milli Breiðholtshverfis og Hlíðarholtshverfis lögð til.</p> <p>7. Slóði frá Hlíðarholtshverfi sunnan reiðhallarinnar verði reiðleið.</p> <p>8. Göngustígur upp á útivistarsvæði á Glerárdal verði göngu- og reiðstígur.</p>		<p>3. Aðeins göngustígur. Athugasemd frá hestamönnum að þessi leið sé beint framhald af leið fyrir norðan, sem er blönduð leið.</p> <p>4. Ekki til á skipulagi.</p> <p>5. Er á aðalskipulagsupprætti. Fella niður?</p> <p>6. Skoða nánar. Komið undir Landsneti, hægt er að nota Landsnetsleiðina ef brúin kemur.</p> <p>7. Nei.</p> <p>8. Nei, ber ekki hestaumferð.</p>
14	Áslaug Þorgeirsdóttir		<p>Landeigandi fagnar því að fallið hefur verið frá að skilgreina lóð undir stofnanir á landi hans OP9, en gerir athugasemd við að hluti lands hans sé skilgreint sem landbúnaðarsvæði og að ekki sé gert ráð fyrir nýbyggingum á svæðinu. Hann fer fram á að heimilt verði að skipuleggjahluta landsins sem frístunda- og smáhýsabyggð með allt að 16 húsum.</p>		<p>OP9 er ekki landbúnaðarsvæði heldur opið svæði, svæði fyrir útivist með stígum, áningarstöðum og þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Ekki er gert ráð fyrir annarri mannvirkjagerð en þeirri sem tengist notkun svæðis, búsetu eða atvinnustarfsemi.</p> <p>Ekki tekið undir tillöguna. Heimilt er að nota þegar byggð hús á svæðinu til íbúðar, en ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum á svæðinu.</p>
15	Sigurbjörg Pálsdóttir		<p>Tillaga hennar er að tengja Nökkvasvæðið og græna svæðið, sem eftir er gengt Nökkva, á einhvern hátt saman. Þar kemur margt fólk og enn fleira fólk væntanlega í framtíðinni. Hún leggur til að þetta litla græna svæði verði skilgreint til framtíðar, sem grænt svæði á aðalskipulaginu.</p>		<p>Græna svæðinu hefur verið bætt við svæði OP2.</p>
16	Georg Ólafur Tryggvason Bergljót Mist Snævar Örn Georgsson Sigríður María Hammer Róbert Már Kristinsson Ólafur Halldórsson Hilmar Guðmundsson-Kristín P Guðmundsdóttir		<p>1. Telja að ný byggð í Kotárborgum, alls 260 nýjar íbúðir, muni eyðileggja frábært útivistarsvæði sem að hluta til er á náttúruminjaskrá og mikið nýtt af Akureyringum.</p> <p>2. Kotárborgir séu klettaborgir þar sem jarðvegur er lítill sem enginn svo búast má við mikilli röskun og truflun fyrir nágranna á framkvæmdatíma. Mikil truflun verði fyrir nágranna á framkvæmdatíma þegar það þarf að sprengja og fleyga klappirnar. Ryk og sand muni leggja yfir nágranna í a.m.k. 2-3 ár á meðan framkvæmdum standi. Mikil útgjöld verði fyrir Akureyrarbæ og bæjarbúa þegar það þarf að gera götur og setja lagnir í hreina klöpp.</p> <p>3. Mikil aukning verði á umferð um nágrannagötur sem í dag eru rólegir botnlangar. Því fylgi hávaðamengun, minna umferðaröryggi og lækkun á virði fasteigna.</p> <p>4. Íbúðasvæðið sé alveg á mörkum Glerárgils sem er á náttúruminjaskrá og ógni ásýnd og lífríki þess. Mikil eyðilegging verði á jökulminjum sem mótaðar voru af ísaldarjöklinum. Í Staðardagskrá 21 fyrir Akureyri er sérstaklega tekið fram að vernda skuli þessar jarðmyndanir. Útivistarsvæði Akureyringa í miðjum bæ verði eyðilagt. Mjög mikil skammsýni í þeirri framkvæmd. - Svæði sem er ríkt af fuglalífi verði eyðilagt og megi búast við því að fuglalíf muni</p>		<p>1. Kotárborgasvæðið, svæði ÍB10 milli Þingvallastrætis og HA var afmarkað í drögum til umsagnar í samræmi við gildandi aðalskipulag, Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018. Nú hefur svæðinu verið skipt upp. Svæðið sunnan HA suður að klöppum hefur verið afmarkað nánar og skilgreint sem svæði Háskólans S20 í kafla 2.1.4 Samfélagsþjónusta bls. 32-33. Það er aðskilið frá háskólasvæðinu þar sem þar sé heimild fyrir íbúðir á vegum eða tengdar HA. Íbúðarsvæðið sem nú heitir ÍB11 hefur verið afmarkað við svæðið frá Þingvallastræti norður að klöppunum fyrir 100-150 íbúðir. Klappasvæðið verður óbyggt svæði sem myndar þá samfelt opið svæði frá Glerártorgi að náttúrusvæðinu við Glerá. Sjá kafla 2.1.1. Íbúðarsvæði bls 26. Ingvar breytir ásamt númerum á upprætti og finnur stærðir.</p>

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	(Stikkorð)	Svar – niðurstaða)
		Andri Teitsson- Auður H Freysdóttir Steinar Magnússon- Birna M Arnþórsdóttir Hilmar Guðmundsson- Kristín B Þórsdóttir Axel Albert Jensen Áskell Gíslason Rakel Friðriksdóttir Árni Friðriksson Unnur Pétursdóttir Oddgeir Georgsson	<p>snarminnka. Mótmæla þessari aðalskipulagstillögu og leggja til að Kotárborgir verði skipulagðar sem útivistarsvæði fyrir bæjarbúa þar sem skólar geta fræðst um lífríki og náttúru Íslands. Vísa í greinagerð nýja aðalskipulagsins: "við þéttingu byggðar skal gætt að ekki verði gengið á nauðsynleg eða ómetanleg útivistarsvæði og óspillta náttúru."</p> <p>5. Þegar nýtt land er tekið undir byggð þurfi að fara fram valkostagreining. Það þurfi að fylgja í umhverfisskýrslu rökstuðningur fyrir því af hverju þetta land verður tekið undir byggð en ekki e-ð annað svæði.</p> <p>6. Telja að nóg byggingarland sé í og við Akureyri og eftir 100 ár verði virkilega dýrmætt að hafa svona náttúrulegt svæði innan bæjarmarkanna. Séu alls ekki á móti þéttingu byggðar, það sé gott og gilt sjónarmið, bara ekki á svona landi sem er einstakt og hvergi annarsstaðar að finna innan þéttbýlisins.</p> <p>7. Leikskóli hverfisins verði lagður af.</p>	<p>2. Sett hafa verið ákvæði fyrir bæði háskólasvæðið og íbúðarsvæðið að hlífa skuli þeim klöppum sem eru innan þeirra. Ekki þyrfti að fleyga eða sprengja klappir að neinu magni. Lagnir yrðu ekki lagðar í hreina klöpp. Sjá kafla sem vísað er í hér að ofan bls. 26 og 32-33.</p> <p>3. Ekki er reiknað með beinum gatnatengingum við Gerðahverfið, heldur yrði tengt frá Pálmholti og HA. Aðskilja frá Gerðahverfi á uppdrætti, funda með Ingvari.</p> <p>4. Með þessari breytingu er útivistargildi svæðisins ekki rýrt, þar sem einungis væri byggt á þeim hluta sem ekki hefur mikið útivistargildi, mýrar o.fl. Með þessu skapast opið vistflæði frá verndarsvæðinu við Glerá allt austur að Glerártorgi. Stígatengingar verða endurskoðaðar þannig að göngu- og hjólréiðastígar liggja gegnum hverfið frá Þingvallastræti að háskólasvæðinu. Einnig verði göngu- og hjólréiðastígar sem tengi verndarsvæðið við Glerá allt niður að Glerártorgi. Svæðið yrði lagað að Glerásvæðinu og ætti ekki að hafa meiri áhrif á það en núverandi byggð.</p> <p>5. Valkostagreining hefur farið fram, og er gerð grein fyrir henni í umhverfisskýrslu. Umhverfisskýrslu er ætlað að meta hvort áhrif markmiða og ákvæða varðandi landnotkunarflokka hafi verulega neikvæð áhrif í skilningi laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða og tilskipunar 2001/42/EB., en ekki að velja á milli einstakra svæða. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til ættu neikvæð áhrif að vera óveruleg.</p> <p>6. Ógerningur er að horfa 100 ár fram í timann, og má líta á Aðalskipulag Akureyrar frá 1927 sem er 90 ára gamalt til að átta sig á því.</p> <p>7. Ákvörðun um lokun Pálmholts er tekin af fræðsluráði og er ekki á valdi skipulagsráðs að breyta henni.</p>	

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	(Stikkorð)	Svar – niðurstaða)
17		Friðleifur Ingi Brynjarsson	Telur að umferðarforsendur skipulagsins séu rangar í veigamiklum atriðum. Gerir athugasemd við þau áform Akureyrarbæjar að fækka akreinum á syðsta hluta Glerárgötu úr 4 akreinum í tvær og færslu hennar til austurs, enda í andstöðu við vilja Vegagerðarinnar. Að þrengt skuli að og jafnvel farið inn á veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar á norðurhluta Drottningabrautar. Of fá bílastæða verði í miðbæ m.v. byggingarmagn. Telur að forsendur reiknilíkans umferðar séu rangar. Misræmi milli umferðartalningar Akureyrar og Vegagerðarinnar. Bendir á að aukið byggingarmagn á svæðinu og sitt hvoru megin við það, aukin flugumferð og síðan ófyrirsjáanleg aukin umferð vegna Vaðlaheiðarganga, kalli jafnvel á enn meiri aukningu en spár geri ráð fyrir. Telur óábyrgt að þrengja að aðalstofnbraut bæjarins og leyfa íbúðir á efri hæðum á suðurhluta Glerárgötu vegna mengunar og hávaða frá umferð., slíkt gæti líklega kalla fram önnur og verri vandamál en þrenging og íbúðir á svæðinu eiga að leysa.		Þrenging Glerárgötu á ekki að hafa áhrif á umferðarflæði. Ábendingin kallar ekki á breytingu aðalskipulagstillögunnar.
18		Georg Ólafur Tryggvason Bergljót Mist Unnur Pétursdóttir Oddgeir Georgsson	<ol style="list-style-type: none"> 1. Kotárborgir standi óhreyfðar um alla framtíð enda eina ósnortna svæðið innan þéttbýlisins.. Glerárgata verði áfram 2 akreinar, þetta sé þjóvegur nr. 1 og er Vegagerðin andsnúin þessum breytingum. 2. Búðargil verði malbikað og umhverfi þess snyrt enda hefur gatan tekið við tengihlutverki Spítalavegs milli Innbæjar og Brekku eftir að Spítalavegur var gerður að einstefnu. 3. Hamragerði, baklóðir þessara húsa fái að standa óhreyfðar og umhverfi Dalsbrautar verði snyrt frekar enda með betur heppnaðri umferðarleiðum Akureyrar. 4. Pálmholt, starfsemi verði þar áframhaldandi enda olnbogaráymi fyrir starfsemina gott og vistvænt að því leyti. Verði starfsemi þar lögð af þá verði hún tengd leikskólanum við Lundaskóla í stað þess að flytja hana út að Glerárskóla hvar hún myndi þrengja að þróttasvæði þórs. 5. Íþróttasvæði þórs og KA verði ekki skert heldur þess í stað gert ráð fyrir meira svigrúmi þeim til handa, enda sé öflugt unglingsstarf og íþróttir öflugasta forvörnin gegn því að unglingar ánetjist vímuefnum og áfengi sem og „lífstílsjúkdómi“ yngstu kynslóðarinnar, hreyfingarleysi. Þessu starfi beri að hlúa að og efla. 6. Akureyrarvöllur. Ekki verði hróflað við Akureyrarvelli heldur hann gerður að fólkvangi m.a. til samfagnaðar á 17. júní og öðrum tilfallandi uppkomum, t.d. 200 ára afmæli Akureyrar. 7. Háskólinn á Akureyri. Ekki verði byggt við gatnamót Norðurslóðar, Klettaborgar og Dalsbrautar neðst í Lækjardalnum, þarfagreining HA til lengri framtíðar mun sýna að þörf verður fyrir nemendagarða á háskólasvæðinu. 8. Hafnarstræti 80. Ekki verði veitt leyfi fyrir 150 herb. hóteli á reit Hafnarstrætis nr. 80 á forsendum þeim að gamla götummyndin fái áfram að njóta sín. Vonandi detti engum í hug að veita leyfi til að byggja við Drottningarbraut svo skyggt væri á gömlu „Fjöruna“/innbæinn. 		<ol style="list-style-type: none"> 1. Kotárborgir, sjá umfjöllun í nr, 16. 2. Malbikun gatna er ekki aðalskipulagsmál. Ekki hefur verið tekið undir tillögu að gera Búðargil að einstefnugötu. 3. Svæðin meðfram Dalsbraut verða áfram þéttingarsvæði. Sett verði ákvæði um byggingatæknilegar hljóðvarnir í deiliskipulagsskilmála. 4. Ákvörðun um lokun Pálmholts er tekin af fræðsluráði og er ekki á valdi Skipulagsráðs að breyta henni. 5. KA sjá ábendingu nr. 1. Haft hefur verið samráð við íþróttafélögin um útfærslu svæða þeirra. 6. Bygging á Akureyrarvelli er í AA2005-2018 og er því engin breyting í þessu skipulagi. Sjá svar við athugasemd nr. 2. 7. Svæðið er ætlað fyrir íbúðir tengdar Háskólanum. Sérákvæði ÍB6 kafla 2.1.1 Íbúðarbyggð bls. 25 í greinargerðinni. 8. Hafnarstræti 80 er á miðbæjarsvæði, þar sem hótélbyggingar eru heimilar samkvæmt aðalskipulagi. Staðsetning hótels er ekki viðfangsefni aðalskipulagsins heldur deiliskipulags miðbæjar. Samþykkt hefur verið að Fjaran/Innbærinn verði skilgreind sem Verndarsvæði í byggð í sérstöku verkefni sem unnið er með styrk Minjastofnunar.
19		Guðmundur Karl	Telur að ekki eigi að þetta byggð og byggja raðhús á leiksvæði í Síðuhverfi þar sem mikið er af		Ekki er verið að þrengja að skólalóð. Sjá svar við ábendingu

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	(Stikkorð)	Svar – niðurstaða)
		Atlason	börnum í hverfinu, stækka frekar íB22. Ef kæmi til samnýtingar á húsnæði grunnskóla og leikskóla eða stækkun á grunnskóla þá mætti íbúðarbyggð ekki heldur þrengja að skóla og skólalóð.		nr. 23.
20		BSO	Mótmæla eindregið þeim hugmyndum bæjaryfirvalda á Akureyri um að þrengja Glerárgötu frá Grænu götu að Kaupvangsstræti.		Sjá umfjöllun í ábendingu nr. 17.
21		Inga Vala Birgisdóttir	Bendir á órækt og niðurníðslu við Lækjargötu og telur að hún beri ekki þá miklu umferð sem hefur lagst á hana síðan einstefnan var gerð á Spítalaveg og svo að mestu vegna byggingar Naustahverfis. Telur að ekki eigi að leyfa auknar byggingar hjá frístundahúsunum þar sem það svæði gæti nýst gílinu ef eitthvað uppbyggilegt yrði gert þar. Styður ábendingar Georgs Tryggvasonar varðandi Kotárborgir.		Í gildandi deiliskipulagi er ekki leyfð frekari byggð á frístundasvæðinu, en þeim hluta sem snýr að Lækjargötu er frestað. Útfærsla frístundabyggðar þar kallar á færslu Lækjargötu á þeim kafla, en engin ákvörðun liggur fyrir um það.
22		Hlynur Hallsson	Leggur til að Listagilið verði skilgreint svæði fyrir menningarstarfsemi. Einnig að umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda í Listagílinu verði aukið og dregið verði úr umferðarhraða bíla sem aka um götuna og jafnvel stefnt að því að taka upp einstefnu niður götuna um leið og einstefna yrði tekin upp Oddeyraragötuna. Þá verði merkt gangbraut yfir Listagilið.		Sjá ábendingu nr. 9.
23		Hverfisnefnd Síðuhverfis	Leggur til að eftirtalin svæði verði skilgreind sem opin svæði/útivistarsvæði: *Leiksvæðið við Bugðusíðu, svæðið vestan við Síðuskóla, sem afmarkast af öldrunarheimilinu Lögmanshlíð, Vestursíðu og malarvegi sem liggur að skólanum að vestan frá Vestursíðu. Þar sé nú þegar verið að vinna í því að breyta svæðinu í útivistarsvæði fyrir hverfið, með gönguleiðum, þrautabrautum, grillhúsi og útikennslustofu fyrir skólann, og svæðið í kringum Álfhól (þar sé nú þegar leikvöllur fyrir minni börn og fótboltamörk). Gerður verði göngustígur frá hverfinu (hefst við enda Bröttusíðu) upp í gegnum móa og beitarlönd og endar á Lögmanshlíðarveginum (sjá kort). Leiðin sem liggur fyrir ofan hverfið verði skilgreind sem hjóla- og gönguleið (sjá kort). Óbyggt svæði á reit S29 hjá Síðuskóla verði ekki breytt í almennt íbúðasvæði fyrr en búið er að vinna samþykktar teikningar af því hvernig svæðið mun líta út í framtíðinni með grunnskóla, leikskóla og íþróttahús á lóðinni.		Leiksvæðið við Bugðusíðu verður óhreyft, og þéttingarsvæðið minnkað sem því nemur. Leikvöllur skilgreindur sem opið svæði OP15. Sjá kafla 2.1.15 Opin svæði bls. 43. Ákveðið hefur verið af fræðsluráði að færa leikskólalóðina að skólalóðinni. Aðalskipulagið tekur ekki á innra skipulagi lóðanna. Nyrðra þéttingarsvæðið verður óbreytt. Umbeðin leið fer í gegnum beitarlönd og eignarland. Mögulegt er að gera stikaða leið sem ekki er merkt á aðalskipulag. Aðalskipulagið sýnir aðeins helstu gönguleiðir. Teikna inn á stígakortið.
24		Umhverfisnefnd Síðuskóla	Gera þyrfti gönguleið frá skólanum að Kífsá, setja brýr yfir skurði og mýrarfláka og tröppur yfir girðingar.		Aðalskipulagið sýnir aðeins helstu gönguleiðir. Teikna inn á stígakortið.
25		Jónína Björg Helgadóttir	Leggur til að Listagilið verði skilgreint svæði fyrir menningarstarfsemi. Einnig að umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda í Listagílinu verði aukið og dregið verði úr umferðarhraða bíla sem aka um götuna og jafnvel stefnt að því að taka upp einstefnu niður götuna um leið og einstefna yrði tekin upp Oddeyraragötuna. Þá verði merkt gangbraut yfir Listagilið.		Sjá ábendingu nr. 9.
26		Hverfisn Holta & Hliðahv	Frá Glerárskóla til húsa við Krossanesbraut er lengra en 800 metrar. Tengibrautir geta verið innan byggðar en eiga ekki að vera í þéttri byggð ef hjá því verði komist. Um Krossanesbraut fara nánast allir flutningarbílar sem inn í bæinn koma og sem úr bænum fara og að sjálfsögðu öll önnur umferð annarra smárra bíla. Þarna er mikil umferð allan sólarhringinn. Okkar		Ekki er tekið undir færslu Krossanesbrautar. Aðgerðir varðandi hljóðvist og öryggi er á sviði deiliskipulags, en bætt hefur verið nánari umfjöllun í kafla 2.1.6 Vegir, götur og stígar, <i>tengibrautir</i> , í greinargerðinni.

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	(Stikkorð)	Svar – niðurstaða)
			ábending fellur undir athugasemd um öryggi íbúðarbyggðar. Myndi hverfisnefnd vilja sjá Krossanesbrautina breytta eða færða. Hverfisnefnd óskar eftir að markmið um að umferðarkerfið skuli mæta ströngust kröfum um öryggi verði haft að leiðarljósi við breytingar á Krossanesbraut og þéttingu byggðar þar. Einnig þarf að huga að þverun á tengibraut og segir í markmiðinu að slíkar þveranir verði með umferðarljósum eða undirgöngum þar sem því verður komið við. Hverfisnefnd mótmælir þéttingu byggðar þar sem breyta skal reitnum fyrir framan Kvenfélagsreit í íbúðarsvæði, byggingar lítils sambýlishús.		
27		Sigrún María Bjarnadóttir	Kotárborgir ættu að fá að standa ósnortnar og verða nýttar áfram sem útivistarsvæði fyrir bæjarbúa. Umferð myndi óhjákvæmilega aukast til mikilla muna í Gerðahverfi. Ekki á eftir að verða rólegt næstu árin ef byrjað verður að sprengja klappirnar í næstu gördum. Truffun á fuglalífi. Ráðamenn ættu frekar að leggja áherslu á að byggja upp leikskólann á holtinu í stað þess að leggja hann niður.		Sjá umfjöllun nr. 16.
28		Unnar Jónsson	Telur að svæðið sem er afmarkað undir grafreit í Naustaborgum sé allt of stórt og óttast að sambýli grafreits og útivistarsvæðis fari illa saman og að útivistarsvæðið muni víkja fyrir grafreitnum.		Kirkjugarðaráð leggur áherslu á samspil kirkjugarðsins við útivistarsvæði, göngu- og hjólréiðastiga. Stærð og afmörkun svæðisins hefur verið breytt á aðalskipulagsupprættinum til að laga það betur að landslagi og útivistarleiðum.
29		Árni Ólafsson	<ol style="list-style-type: none"> Ekki er gerð grein fyrir því hvernig stefnumótun aðalskipulagsins var unnin, hverjir unnu að henni eða við hverja var haft samráð um markmið og áherslur á vinnlustigi tillögunnar. Ábending um höfund fyrsta aðalskipulags. Bendir á að taka þurfi mið af ferðamönnum á viðeigandi hátt þannig að þeir geti komið hingað og notið þess umhverfis sem Akureyringar hafa mótað á sínum forsendum. Gerir þess vegna athugasemd við markmið að vanda skuli hönnun bygginga og umhverfis við aðkomuleiðir að bænum þar sem aðkomuleiðir að bænum séu ekkert merkilegri en aðrir hlutar bæjarins. Draga mætti fram mikilvægi vandaðs búsetuumhverfis fyrir atvinnulífið, þ.e. að mikilvæg forsenda staðarvals fyrirtækja og stofnana eru búsetugæði á svæðinu. Ekki er settur fram greinilegur samanburður á valkostum um byggðapróun og þar með skýr rökstuðningur fyrir þeirri þéttingu byggðar sem tekin er stefna á. Þetta mætti setja upp í einfaldri samanburðartöflu. Þéttingarsvæði innan byggðar eru yfirleitt flókin af þessum sökum og seinunnin, þ.e. taka mun lengri undirbúningstíma en ósnert svæði í jaðri byggðar. Umhverfisskýrsla var ekki tiltæk á vefsíðunni. Athugasemd við breytingu á tjaldsvæðinu við Þórunnarstræti. Athugasemd við Íb4, þéttingu 85 íbúðir í fjölbýlishúsum sunnan Glerártorgs. Athugasemd við ÍB17. Þau svæði eru óheppileg gagnvart skólasókn þar sem leið skólabarna að Glerárskóla liggur yfir tvær umferðargötur, Krossanesbraut og Hörgárbraut. 		<ol style="list-style-type: none"> Í samræmi við góða stjórnýslu er stefnumörkun aðalskipulagsins að sjálfsögðu unnin af skipulagsráði í samvinnu við skipulagshöfund. Í heimildaskrá kemur fram til hvaða aðila var leitað. Ábending um höfund fyrsta aðalskipulags Akureyrar hefur verið bætt í greinargerðina, kafla 1.1. AKUREYRI FRAMTÍÐARINNAR bls. 8. Fram kemur í greinargerð að vanda skuli búsetuumhverfi í öllum bænum. Mikilvægi vandaðs búsetuumhverfis fyrir atvinnulífið hefur verið bætt í texta greinargerðarinnar kafla 1.2.2 Markmið - atvinnulíf bls. 13. Ítarleg greining valkosta er í greinargerðinni. Athugasemd við byggð á tjaldsvæðinu, sjá ábendingu nr. 37. Kallar ekki á breytingu á aðalskipulagsdrögunum. Svæði austan Krossanesbrautar er óbreytt frá Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018. Sjá umfjöllun um ábendingu nr. 26. Umfjöllun um öryggisaðgerðir bætt í kafla 2.1.26 Vegir, götur

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	(Stikkorð)	Svar – niðurstaða
			<p>9. Þéttingarsvæði eru merkt á séruppdrætti innan ÍB18. Þau eru hvorki tilgreind í töflu yfir þéttingarsvæði né í ákvæðum landnotkunarreitsins.</p> <p>10. VP3 – Hvannavallareitur. Gert er ráð fyrir tvöföldun íbúða miðað við stefnu gildandi aðalskipulags. Framhúsin meðfram Glerárgötu geta varla talist áhugaverð íbúðarhús.</p> <p>11. Bendir á að Kotárborgir séu verðmætt útivistarland og er í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem stofnanasvæði og útivistarsvæði. Grundvallaratriði í þeirri stefnu er annars vegar að eiga stækkunarkost til framtíðar fyrir háskólann inn á svæðið og hins vegar að svæðið verði áfram opið útivistarland þar sem hugsanlegar háskólabyggingar verða hluti útivistarsvæðisins og ljá því einkenni. Með nokkrum íbúðarhúsum verður svæðið hálfprívat og verður óáhugavert og jafnvel ónothæft sem almennt útivistarsvæði. Svæðið með Glerá er ómetanlegt en vannýtt útivistarsvæði í miðju byggðarinnar og alls ekki rökrétt að skerða eiginleika þess með þeim hætti sem nú er stefnt að. Háskólastofnanir í útivistalandi munu hafa allt aðra stöðu en íbúðarbyggð. Lagt er til að fallið verði frá hugmyndum um íbúðarbyggð á svæðinu og jafnvel íhugað að minnka það stofnanasvæði sem háskólanum er ætlað.</p>		<p>og stígar bls. 61.</p> <p>9. Hefur verið lagfært í greinargerðinni kafla 2.1.1 Íbúðarbyggð bls. 27 og 29.</p> <p>10. Hefur verið samræmt rammaskipulagi Oddeyrar.</p> <p>11. Sjá umfjöllun um ábendingar nr. 16.</p>
30		Gígja Rut Ívarsdóttir	Hún er afar huggsi yfir fyrirætluðum byggingum á svokölluðum San Siro velli við KA heimilið og norðan Heiðarlundar. Hún er ekki ósátt við að Akureyrarbær hugi að þéttingu byggðar, en ekki í kringum íþróttasvæði bæjarins og taka leiksvæði af íbúum hverfisins.		Sjá umfjöllun um ábendingu nr. 1.
31		Hrappsstaðir	Landeigendur Hrappsstaða, landnúmer 146945, óska hér með eftir því að landareignin verði skilgreind sem frístundabyggð í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.		Bætt inn í tillögu að aðalskipulagi.
32		Oddfellow	Ef byggt verður á austurhluta svæðis ofan Glerártorgs, næst Þórunnarstræti, mun það skerða verulega það útsýni sem er til norðurs úr húsi þeirra. Með tilliti til þess fara þeir því eindregið fram á að ekki verði skipulögð byggð á því svæði.		Setja mætti hæðartakmörk á byggðina í deiliskipulagi.
33		Víkingur Guðmundsson Ingunn Högnadóttir	Þau styðja tillögu hverfisnefndar Síðuhverfis að gönguleið frá hverfinu og upp á Lögmanshlíðarveg. Þau mæla gegn því að Bugðuvöllur (Rauði róló) við Bugðusiðu verði að byggingarsvæði. Þar eru dagforeldrar með aðstöðu og myndi það hafa neikvæð áhrif á hverfið sem barnvænt samfélag ef hann legðist af.		Sjá umfjöllun um ábendingu nr. 23.
34		Ólafur Rúnar Ólafsson	Hann telur að ekki eigi að ráðast að Kotárborgum sem séu síðasta græna svæðið í miðju bæjarins. Fella eigi burt eða minnka verulega byggingaráform og takmarka þau við syðsta svæði á Pálmholti og nyrsta svæðið við Sólborg. Hann bendir á aðra möguleika eins og að bæta aðgengi að svæðinu, t.d. með göngubrú úr Giljahverfi yfir á svæðið, leggja þar göngustíga og hafa tímastilla lýsingu í skammdeginu.		Sjá umfjöllun nr. 16.
35		Búfesti	1. Bent er á að verulegur íbúðaskortur sé til staðar á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu eftir djúpa niðursveiflu og framkvæmdafrost 2009-2012. Afkastageta byggingarfyrirtækja sé takmörkuð – skortur á iðnaðarmönnum og fækun fyrirtækja eftir Hrunið. Auk þess hafi fáeinir fjárfestar		1. Stefnt er að nægilegu lóðaframboði til að mæta eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði, en lóðaþörf á skipulagstímabilinu öllu miðar við spá um mannfjöldapróun með vökmörkum.

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	(Stikkorð	Svar – niðurstaða)
			<p>keypt verulegan hluta af nýsmíði og eldri eignum og nokkuð virðist um að einstaklingar séu “að hamstra” íbúðir. Verðbólga sé raunveruleg og leigumarkaðurinn með augljós fákeppniseinkenni og þar sé öryggi leigjenda afar takmarkað. Takmarkað framboð húsnæðis hamli nær örugglega hagstæðri íbúafjölgun á svæðinu. Gistipjónusta (AirB&B) og orlofsíbúðarekstur og kaup frítímabústaða innan bæjar fari einungis vaxandi meðan ekki eru settar neinar formlegri hömlur í skipulagi eða eftirfylgni skipulagskrafna aukin. Enginn aðili sé í NFP-rekstri almennra leiguíbúða á Akureyri.</p> <p>2. Mjög mikilvægt sé að forsendur aðalskipulags og einkum mannfjöldaspár verði endurmetnar miðað við að Akureyri setji sér markmið um aukna hlutdeild tiltekinna aldurshópa (yngri en 50 ára) – og beinlínis verði stefnt að aukinni fjölgun og umfram landsmeðaltal. Slík markmið þurfi að útfæra með því að merkja byggingarland og þéttingarreiti til að taka við slíkri fjölgun umfram það sem fyrirbyggjandi drög/tillögur gera ráð fyrir. Afar brýnt sé að framsetning með töflum og gröfum dragi fram mismunandi sviðsmyndir. Þar verði sýnt fram á hvernig mismunandi fjölgunarforsendur og íbúabéttni og íbúðastærð kemur fram í mismunandi mikilli þörf fyrir nýjar íbúðir.</p> <p>3. Hvatt er til þess að eldri fjölbýlishúshverfi verði tekin til endurmats að því er varðar íbúðagerð og nýtingu svæða. Nefna meg sérstaklega blokkir með 3,5-4 hæðir og án lyftu. Markmið um að laða kynslóðahópa á barneignaraldri 25-45 ára til búsetu á Akureyri verði lýst í aðalskipulagi – og það útfært nánar með því að lýsa nánar hvernig slíkt verður látið koma fram í tiltekinni íbúðagerð og rekstrarformum húsnæðis.</p> <p>4. Leigu og búseturéttaríbúðum sem reknar eru af neytendafélögum og án hagnaðarkröfu (NFP) verði gefinn skilgreindur forgangur að tilteknu hlutfalli lóða – í nýjum hverfum og/eða á þéttingarreitum - þannig að aðalskipulagið auðveldi aukið eða alveg nýtt framboð á ódýrum íbúðum sem reknar verða með lágmarkskostnaði og til frambúðar. Verðlagning lóða og gjaldskrá fyrir leigu- og búsetuíbúðir NFP verði þannig að hún fari aldrei upp fyrir 50% af lóðakostnaði vegna íbúða sem byggðar eru til að ganga kaupum og sölum í hagnaðarskyni. Formleg skilgreining verði tekin upp í skipulagi á því hvort íbúð er ætlað að vera leiguíbúð (í atvinnuskyni), leigu eða búsetuíbúð NFP eða hvort henni er ætlað að vera í séreignarnýtingu sem eignaríbúð.</p> <p>5. Að settar verði formlegar hömlur á heimildir íbúðareigenda til að breyta þeim úr séreign eða lögheimilsíbúð í íbúð þar sem rekin verður gistipjónusta eða meiningin er að nýta sem frítímaíbúð. Byggingafélögum neytenda NFP verði gefið umtalsvert frelsi til að útfæra deiliskipulag byggi.</p>	<p>2. Mannfjöldaspá er óbreytt. Nákvæmari spá út frá aldurshópum með fæðingar-, dánar- og flutningatíðni gæti gefið nánari vísbendingar, en er mjög umfangsmikil og óvíst um hvort forsendur eru skráðar. Erfitt að sjá aðgerðir til að fjölga meira í yngri aldurshópum.</p> <p>3. Hækkun núverandi fjölbýlishúsa er fremur deiliskipulagsmál, en er nú nefnt í texta greinargerðarinnar. Aðrar ábendingar fremur á sviði deiliskipulags eða bæjarráðs.</p> <p>4. Markmið um NFP íbúðir er komið inn í greinargerð, kafli 1.2.1. Markmið - byggð bls. 11.</p> <p>5. Takmörk á RB&B á miðbæjarsvæðinu eru tilgreind í skilmálum miðbæjar.</p>	
36	Lilja Filippusdóttir		1. Leggur til að auka útivistarmöguleika Kotárborga s.s. með stígum og	1. Kotárborgir, sjá umfjöllun nr. 16.	

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	(Stikkorð)	Svar – niðurstaða)
			<p>afþreyingarmöguleikum. Telur að þéttingin sem lögð er til sé með meira móti og halda ætti í opnun á grænum geira milli austurs og vesturs.</p> <p>2. Leggur til að háskólasvæðið fái á sig meiri “campus” mynd í stað þess að vera stofnanabyggingar á bílastæðum á hálfgerðu “eylandi” í miðju bæjarins. Leggur til að stúdentagarðar verði byggðir upp við háskólann (bleikt á uppdrætti) í stað þess að dreifa stúdentablokkum víða um bæinn.</p> <p>3. Ef loka á Pálmholti og fjölga íbúum í Lunda- og Gerðahverfihverfi og koma börnum fyrr inn á leikskóla er brýnt að stækka Lundarsel.</p> <p>4. Telur að ekki megi ganga of mikið á skólasvæðið með byggingu íbúðarhúsa á núverandi æfingasvæði KA. Bendir á þá lausn að byggja sveigjanlegt húsnæði í eigu bæjarins sem nýttist sem skólastofur þegar stórir árgangar eru í skólanum en nýtast sem leiguíbúðir þegar færri nemendur eru skólanum.</p> <p>5. Leggur til að byggð verði aukin á reitum ÍB22 í Síðuhverfi í stað Naustahverfis. Gera má ráð fyrir að byggðin muni síðar teygja sig upp í sömu hæð og Giljahverfi. Til að skapa skjólsælt íbúðarsvæði og eftirsóknarvert útivistarsvæði í námunda við byggð væri ráðlegt að stækka græna trefilinn og sýna fyrirhyggju með því að hefja tjárækt sem fyrst. Með því móti getum við skapað áhugavert búsetuumhverfi í líkingu við Naustaborgir og Kjarnaskóg.</p>	<p>2. Reitur ÍB6 er ætlaður íbúðum stúdenta og kennara, og heimild er fyrir slíku á reit S20. Sjá kafla 2.1.1 Íbúðarbyggð bls. 26 og kafla 2.1.4 Samfélagsþjónusta bls. 32-33.</p> <p>3. Ekki aðalskipulagsmál, en ákvörðun er hjá fræðsluráði.</p> <p>4. KA sjá ábendingu nr. 1.</p> <p>5. Svæði ÍB22 við Síðubraut hefur verið stækkað á aðalskipulagsupdrætti og í greinargerð.</p> <p>Betra að bíða með stækkun græna trefislins til síðari tíma þar til frekari áform um stækkun svæðisins liggja fyrir.</p>	
37	Hamrar, skátar		<p>1. Stjórnin fagnar því er fram kemur um útileguskála Skátafélagsins Klakks í Eyrarlandshálsi og fyrir ofan Kjarna. Þá fagnar stjórnin því sérstaklega að haldið sé inni í skipulaginu lóð fyrir byggingu skála utan og ofan Hamra.</p> <p>2. Stjórnin gerir alvarlegar athugasemdir við tillögu um að byggja raðhús á tjaldsvæðinu við Þórunnarstræti og telur að áform þessi ef þau verði að veruleika hafi alvarleg áhrif á rekstur svæðisins til hins verra.</p> <p>3. Stjórnin telur að Kirkjugarðar Akureyrar verði nágrennar tjaldsvæðisinhafi ekki áhrif á rekstur tjaldsvæðanna að því gefnu að deiliskipulag tjaldsvæðisins varðandi stækkun þess til norðurs í átt að Hamra og Naustaborgum haldi. Einnig er bent á að ekki er gerð grein fyrir aðkomu að kirkjugörðunum frá suðri og að mjög mikilvægt er að huga að aðskilnaði þeirrar umferðar frá tjaldsvæðinu.</p> <p>4. Það virðist vera gert ráð fyrir loftlínu ofan Hamra. Þetta er afleitur kostur fyrir starfsemina að Hömrum og lega línunnar eins og hún er sýnd á uppdrættinum Akureyri þéttbýli, mjög slæm fyrir svæðið. Í deiliskipulagi fyrir Kjarna og Hamra frá 2013 og í greinargerð með því er vísað til þess að raflínur um svæðið hafi neikvæð áhrif á rekstur tjaldsvæðisins að Hömrum auk þess að valda hættu og óþægindum.</p> <p>5. Stjórnin hvetur til ákveðnari skírskotun til þess að almenningssamgöngur styðji við útivist og afþreyingu ásamt ferðamennsku t.d. á jöðrum bæjarins eins og í Kjarnaskógi að Hömrum og</p>	<p>1. ☺</p> <p>2. Byggð á tjaldsvæðinu við Þórunnarstræti hefur verið endurskoðuð m.t.t. viðtals við stjórnarmenn Hamra. Svæðið er rekstrarlega óhagkvæmt, og því er allt svæðið innan Þórunnarstrætis, Hrafnagilsstrætis, Byggðavegar og Þingvallastrætis tekið sem þróunarsvæði. Sjá kafla um þéttingarsvæði bls. 29, og kafla 2.1.11 Afþreyingar- og ferðamannasvæði bls.39. Hentugra er að Hamrasvæðið verði tjaldsvæði Akureyrar. Það krefst bættra almenningssamgangna við svæðið.</p> <p>3. Sjá umfjöllun um ábendingu nr. 28.</p> <p>4. . Beðið verður með að sýna línur innan bæjarmarkanna þannig, þar sem endanleg ákvörðun Landsnets um Hólasandslínu, tengivirki o.fl. liggur ekki fyrir. Laxarlína verður þó sýnd, sem lína hverfur á skipulagstímabilinu.</p> <p>5. Tekið undir ábendinguna. Sjá lið nr. 2.</p> <p>6. Stígatengingar hafa verið skoðaðar nánar.</p>	

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	(Stikkorð)	Svar – niðurstaða)
			Hlíðarfjalli. 6. Á uppdrætti sem sýnir helstu göngu-, hjólreiða- og reiðstíga skipulagsins er ekki hægt að átta sig á tengingu Hamrasvæðisins við stígakerfið. Stjórn Hamra vill benda á að í deiliskipulagi fyrir Kjarna og Hamra er gert ráð fyrir tengingum í Nausta og Hamraborgir með stígum og að núverandi reiðstígur um skipulagsvæði Hamra verði færður út af því.		
38	Möl og Sandur		Fyrir hönd HGH verk er gerð athugasemd varðandi lóð fyrirtækisins við Súluveg. Ekkert samráð hafir verið við félagið um framtíðar nýtingu lóðarinnar og það sem kemur fram í greinargerð varðandi lóðina gjörsamlega,úr lausu lofti gripið.		Svæði Malar og Sands fellur illa inn í umhverfi Glerár, en ofan og neðan við það eru svæði á náttúruminjasrá. Gert er ráð fyrir flutningi fyrirtækisins 2018. Svæðið minnkar og norðurhluti (steypustöð) verður óbyggt svæði.
39	Möl og Sandur		Fyrir hönd HGH verk ehf, er gerð alvarleg athugasemd um byggð við Kotárborgir. Minnt er á að félagið á lóð á svæðinu og sótti um byggingarleyfi fyrir nokkrum árum á lóðinni. Svarið sem kom þá að þetta væri ekki byggingarsvæði. Óskar eftir viðræðum um nýtingu eða framtíð lóðarinnar.		Sjá umfjöllun nr. 16 um Kotárborgir. Bærinn þarf að ganga frá yfirtöku svæðis Malar- og steypustöðvarinnar innan svæðis á náttúruminjasrá og ganga frá því í samræmi við umhverfið.
40	Arnhildur Pálmadóttir		Óskað eftir að lóðin sem staðsett er í norðvestur horni Hamarkotstúns, á horni Byggðavegar og Hamarsstígs, verði skilgreind sem íbúðarsvæði eða íbúðarsvæði og verslun/þjónusta		Hluti af OP5. Sett hafa verið sérákvæði um áframhaldandi notkun núverandi húss fyrir verslun og þjónustu. Sjá kafla 2.1.15 Opin svæði bls. 43.
41	Starfsmenn Síðuskóla		Starfsmenn Síðuskóla óska eftir að svæðið vestan við skólann verði skilgreint sem útivistarsvæði en ekki byggingarreitur þar sem reiturinn getur nýst íbúum til útivistar og umhverfismenntar. 48 undirskriftir.		Sjá umfjöllun um ábendingu nr. 23.
42	Fríður Leósdóttir f.h. íbúa Innbæjar		Fundur íbúa í Innbænum gerir þá athugasemd að ekki verði unnið að þéttari byggð í ofanverðri Lækjargötu þar sem rekstraraðilar frístundahúsanna sinna ekki umhverfismálum og hirðingu við brekkuna neðan við húsin. Jafnframt ályktar fundurinn að bæjaryfirvöld snúi sér að skipulagi og breytingum á umhverfi og gatnagerð í gilinu sjálfu sem allra fyrst.		Sjá umfjöllun nr. 21.
43	Kristján Helgason		Telur brýnt að leiksvæðið gegnt Laxdalshúsi verði þar til frambúðar og jafnframt rétt að kanna möguleikann á að stækka það til austurs með hugsanlegri tengingu við vaxandi starfsemi Nökkva handan við Drottningabrautina td. með gangbraut eða hraðahindun.		Jákvætt, sbr. umfjöllun um aðbendingu nr. 15.
44	Víðir Gíslason		1. Á séruppdrætti eru sýndar tvær samsíða raflínur með legu suður frá Rangárvöllum, ofan Kjarnaskógar að sveitarfélagamörkum. Þetta eru gamlar eftirlegukindur frá árinu 1994, sem tengjast hugmynd að álveri á Dysnesi forðum. Línurnar eiga sér hvorki samsvörun í skipulagi Eyjafjarðarsveitar, Svæðisskipulagi Eyjafjarðar né í kerfisáætlun Landsnets og hafa ekki farið í gegnum umhverfismat. Lega línanna milli Rangárvalla og Glerár sker helgunarsvæði núverandi raflína, sneiðir af athafnasvæði Bilaklúbbs Akureyrar og er ekki sýnd á gildandi deiliskipulagsuppráttum. Þessari hugmynd að línuleið var auk þess hafnað í áhættumati Isavia á sínum tíma, þar sem möstur og línur yrðu inni í hindranafleti flugvallar og		1. Línur ofan Kjarnaskógar eru teknar brott af skipulagsuppdrætti. Funda með Ingvari. Kröflulína verður sýnd í jarðstreng á aðalskipulagsuppdrætti og Laxárlína verður sýnd sem lína sem hverfur á skipulagstímanum, sbr. umfjöllun um ábendingu nr. 37. 3. Hugmyndin um tengivirki við Kífsá virðist úr sögunni með tilkomu Hólasandslínu sem tengis Rangárvöllum. Fá það á hreint.

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	(Stikkorð)	Svar – niðurstaða)
			<p>Því ógn við flugöryggi. Því getur útfærslan vart átt heima í aðalskipulagi Akureyrar.</p> <p>2. Forstjóri Landsnets kynnti nýlega fyrirætlun um að leggja Kröflulínu 1 í jarðstreng vegna hagsmuna flugöryggis. Yrði það framkvæmt samhliða jarðstrengslögn vegna Hólasandslínu 3.</p> <p>Ákvæði í deiliskipulagi vegna Kjarnaskógar og Hamra kveður á um að háspennulínur hverfi úr útivistarsvæði og tjaldsvæði fyrir árið 2020. Nauðsynlegt er því að gera ráð fyrir jarðstreng fyrir Kröflulínu 1 á aðalskipulagi, samhliða streng fyrir Hólasandslínu 3.</p> <p>3. Tvær raflínur eru sýndar úr norðri inn á tengivirki við Kífsá. Það virðist ekki í samræmi við samþykkt skipulag við Kífsá, sem breytt var vegna Blöndulínu 3.</p> <p>4. Tilvísun vantar í samþykktar skipulagsreglur Akureyrarflugvallar og skýringu á stöðu þeirra gagnvart aðalskipulagi. Einnig vantar að sýna aðflugsljós í Polli norðan flugbrautar, til samræmis við uppdrátt í skipulagsreglum.</p>		4. Ákvæði um öryggisfleti komin í greinargerðina.
45		<p>Vallabúið ehf (Fyrirspurn sem hér er sett með ábendingum til samræmis við ábendingu 31 sem er sama eðlis.)</p>	<p>Óskað er eftir álitum Skipulagsnefndar á gerð deiliskipulags í landi Hesjuvalla í Lögmanshlíð.</p> <p>Um er að ræða u.þ.b. 2ha. landspildu í norð-austurhorni jarðarinnar við Lögmanshlíðarveg.</p> <p>Áætlanir gera ráð fyrir að skipuleggja á svæðinu alls 9 lóðir í nokkrum stærðum. Lóðirnar eru allar ætlaðar undir frístundabyggð utan ein sem er hugsuð sem þjónustulóð fyrir svæðið.</p> <p>Gert er ráð fyrir að á lóðunum 9 geti risið allt að 25 hús í ólíkum stærðum og gerðum sem skilgreindar verða nánar í skipulagsskilmálum.</p> <p>Gert er ráð fyrir að aðkoma að svæðinu verðu um Lögmanshlíðarveg í suð-austurhorni svæðisins.</p>		Bætt inn í tillögu að aðalskipulagi